

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Reykjavíkurhöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

22. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Reykjavíkurhöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Gildistaka.

23. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Reykjavíkurhöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 22. júní 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 og staðfest af borgarstjórn 24. júní 2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. júlí 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reykjavík, 24. júní 2004.

Bergur Þorleifsson hafnarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 419/1999 um skirteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands.

1. gr.

Núverandi 1. gr. í V. hluta reglugerðarinnar fellur niður og í staðinn kemur ný svohljóðandi grein:

1. Undanþágur.

Flugmálastjórn Íslands getur heimilað að vikið sé frá ákvæðum reglugerðar þessarar þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa og flugöryggi er ekki stefnt í hættu, enda sé reglna Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) að fullu gætt.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 145. gr., sbr. 31., 73. og 74. gr., laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 14. júní 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Indriðastaðir (golfvöllur), Skorradalshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997–2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að 35,2 ha landbúnaðarsvæði er breytt í opið svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.